

Katrín Sigurjónsdóttir, formaður úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs, leggur fram tillögu með vísan til 7. gr. samþykktar SSNE um að tillögur og ályktanir annarra en stjórnar SSNE skulu hafa borist stjórn eigi síðar en 2 vikum fyrir þing. Tillagan barst SSNE 24. mars 2022.

Til stjórnar SSNE:

Tillaga til ársþings SSNE haldið á Húsavík 8.-9.apríl 2022:

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á þóknun til úthlutunarnefndar:

Greiðslum verði skipt í tvo flokka eftir því hvort umsókn sé

a) ítarlesin og metin til einkunnar eftir matsblaði eða

b) hraðlesin og grófflokkuð eingöngu.

Greiddar verða 1200 kr. per umsókn fyrir ítarlestur og 500 kr. per umsókn fyrir hraðlestur.

Heildarkostnaður vegna yfirlstrar hækkar ekki m.v. þann fjölda umsókna sem borist hafa sjóðnum undanfarin ár en þetta fyrirkomulag þykir sanngjarnara þar sem nefndarmenn úthlutunarnefndar fá mismargar umsóknir til ítarlegs yfirlests.

Dalvík 24. mars 2022

Katrín Sigurjónsd.